

Erindisbréf Ungmennaráðs í Reykjanessbæ (UNGÍR)

1. grein.

Tilgangur UNGÍR er að vera bæjarstjórn Reykjanessbæjar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í bæjarféluginu. Þjálfa ungmanni yngri en 18 ára í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa þeim vettvang til að koma á framfærni skoðunum sínum, áherslum og tillögum við bæjarstjórn Reykjanessbæjar. Þannig hafi þau áhrif á nærumhverfi og aðstæður ungmannna í bæjarféluginu. Ráðið skal gæta þess í störfum sínum að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspeglí sem best almennan vilja ungmannna í Reykjanessbæ.

2. grein

Öll ungmanni sem eiga lögheimili í Reykjanessbæ eru kjörgeng í UNGÍR.

UNGÍR skal skipað 13 fulltrúum og jafn mörgum til vara:

Einn fulltrúi úr hverjum grunnskóla í Reykjanessbæ og einn til vara, kosinn af nemendaráðum (alls 5 fulltrúar), situr í eitt ár.

Einn fulltrúi úr Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS) og einn til vara, kosinn af nemendaféluginu (NFS), situr í eitt ár.

Tveir sameiginlegir fulltrúar og tveir til vara, tilnefndir af Skátaféluginu Heiðabúum, Björgunarsveitinni Suðurnes og kirkjufögum, situr í eitt ár.

Einn fulltrúi úr félagsmiðstöð Reykjanessbæjar kosinn af Fjörheimaráði og einn til vara, situr í tvö ár.

Einn fulltrúi Íþróttá- og ungmannafélaga tilnefndur af Íþróttabandalagi Reykjanessbæjar og einn til vara, situr í tvö ár..

Einn fulltrúi frá Tómstundarbandalagi Reykjanessbæjar og einn til vara, situr í eitt ár.

Einn fulltrúi úr Tónlistarskóla Reykjanessbæjar kosinn af nemendum skólans og einn til vara, situr í eitt ár.

Einn fulltrúi ungenna utan skóla og einn til vara, tilnefndur af sérfræðingum frá Fjölskyldu- og félagsmálasviði Reykjanessbæjar, situr í eitt ár.

3. grein.

Tilnefning fulltrúa í UNGÍR skal fara fram á tímabilinu 15. febrúar til 14. apríl ár hvert. Kjörtímabil ráðsins er frá 1. september til 30. júní ár hvert. Stefnt skal að því að um helmingur fulltrúa sitji í ráðinu eitt kjörtímabil en hinn helmingurinn tvö kjörtímabil.

4. grein.

Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála. Ráðið skal skipta mér sér verkum og kjósa sér formann og ritara. Á fundum ráðsins skal rituð fundargerð sem send skal Bæjarráði Reykjanessbæjar.

5. grein.

Ungmennaráð skal funda a.m.k. tvisvar á ári á kjörtímabilinu, í október og mars. Reykjanésbær skal leggja ráðinu til húsnæði til fundarhalda. Tómstundafulltrúi Reykjanésbæjar er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og bæjarráð og starfar með ráðinu og er því til aðstoðar. Hann boðar til fyrsta fundar ungmennaráðs við upphaf nýs kjörtímabils UNGRA.

6. grein.

Nefndarfólk skal fá greidda þóknun fyrir fundarsetu sem nemur tveimur fundum árlega.

7. grein.

Bæjarstjórn Reykjanésbæjar skal gera ráð fyrir að funda með ráðinu í aprílmánuði ár hvert. Fundirnir skulu vera opnir almenningi. Tillögur, ályktanir og/eða bókanir sem ráðið hyggst beina til bæjarstjórar skal senda bæjarritara eigi síðar en viku fyrir árlegan fund ráðsins með bæjarstjórn.

8. grein.

Erindisbréf þetta er sett með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 og tekur gildi við staðfestingu Bæjarstjórnar Reykjanésbæjar.

Staðfest á fundi bæjarstjórnar Reykjanésbæjar 1. Nóvember 2011.